



Ársskýrsla 2024

Flensborgarskólinn í Hafnarfirði

Apríl 2025

Ritstjórn: Erla Ragnarsdóttir, skólameistari, og Júlía Jörgensen, aðstoðarskólameistari.



Efnisyfirlit

1. Inngangur ESR.....	3
2. Talnafræði skólans.....	3
3. Skipulag Flensborgarskólans og helstu verkefni	6
4. Starfsmannatölfræði.....	10
5. Nemendatölfræði	12
6. Markmið og staða mála	16
7. Mat – Ytra.....	19
8. Mat – Innra	21
9. Verkefni	28
10. Afkoma	30
11. Brotthvarf og námsárangur	31
12. Skólaþróunarverkefni	33
13. Ýmis mál	35
14. Samvinna við aðrar stofnanir	37
15. Lokaorð skólameistara	38
16. Viðaukar	40
16.1. Rekstrareiningar.....	40
16.3 Stefnumiðuð áætlun skólans til þriggja ára.....	41
16.4 Sjálfsmatstafla fyrir skólaárið 2024 – 2025	41
16.5 Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2023 – 2024.....	42

1. Inngangur ESR

Árið 2024 var gott ár í sögu Flensborgarskólans fyrir ýmsar sakir. Aðsókn að skólanum var áfram góð. Hópur nýnema sem innritaðist í skólann á haustönn 2024 óvenju stór. Það er ávallt gleðilegt þegar straumur nemenda liggur til skólans og hlýtur að bera góðu skólastarfi merki.


Ársskýrsla þessi á að gefa góða yfirsýn yfir það skólastarf sem fram fór í Flensborgarskólanum á starfsárinu 2024.

Skólastarfið var fjölbreytt á árinu og verður því gerð skil hér á næstu síðum. Yfirlit yfir starfsemi skólans sýnir að verkefnin eru mörg og listinn því langur enda er Flensborgarskólinn lifandi skólasamfélag fyrir um 750 nemendur og starfsmenn þegar mest er. Þá er gaman að segja frá því að vel hefur gengið að vinna að flestum þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér, sbr. helstu árangursmælingar í skólastarfinu, svo sem mælingar á bekkjarkerfi á fyrsta ári, gæðum skólaþróunarverkefna, kennslumats o.fl., en upplýsingar um námskrá og stefnu hans má finna á nýrri og uppfærðri heimasíðu skólans, www.flensborg.is.

2. Talnafræði skólans

Flensborgarskólinn í Hafnarfirði hefur það hlutverk, samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, að taka á móti ungu fólki sem lokið hefur grunnskóla og finna því nám við hæfi. Kjarnastarfsemi skólans felst því í að veita kennslu og mennta það unga fólk sem skólann sækir.

Skólinn er bóknámsskóli og býður upp á nám á fjórum brautum til stúdentsprófs, auk starfsbrautar, sem ætluð er nemendum sem þurfa einstaklingsmiðað nám vegna fötlunar og/eða sértækra námsörðugleika. Innan brautanna er einnig hægt að velja svið; íþróttaaufrekssvið, listasvið, félagslífs- og tæknisvið, en tæplega helmingur nemendahópsins á starfsárinu 2024 er skráður á svið. Flestir þeirra velja sér íþróttaaufrekssvið, eða 215 nemendur á vorönn 2024 og 255 nemendur á haustönn 2024, sem er rúmlega 10% fjölgun frá því í fyrra. Einnig býður skólinn upp á annars konar nám; svokallaða **ÍSAN-námsleið** fyrir nemendur sem koma erlendis frá, flóttamenn og/eða hælisleitendur, **Bæjarbrú** - nám fyrir sterka námsmenn í 10. bekk grunnskóla bæjarins og nám og þjónustu fyrir nemendur sem koma með greiningar um námserfiðleika til skólans eða standa illa að vígi við upphaf skólagöngunnar. Nemendur voru alls 1282 á árinu, að meðaltali 641 nemandi á önn, 678 á haustönn, 604 á vorönn, sjá nánar í töflu 2.1 um fjölda nemenda í skólanum 2018-2024.



Húsnæði skólans er óbreytt frá síðasta ári, fyrir utan hefðbundið viðhald að utan og innan. Heildar flatarmál húsnæðis skólans á Hamrinum eru 7.116 fermetrar en að auki kaupir skólinn aðgang að íþróttahúsinu við Strandgötu, á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Þá leigir skólinn út ýmsa aðstöðu, svo sem aðgang að kennslueldhúsi til grunnskóla bæjarins, kennslustofur til félagasamtaka og hátíðarsal til veisluhalda. Snemma árs 2024 gerði síðan skólinn samkomulag við Flugskóla Reykjavíkur um aðstöðu til bóklegrar kennslu í flugnámi. Flugskóli Reykjavíkur leigir eina kennslustofu af skólanum og er einnig fyrirhuguð kennsla á valáfanga í flugfræðum fyrir nemendur Flensborgarskólans.



3. Skipulag Flensborgarskólans og helstu verkefni

Stjórnendur

Skólameistari: Erla Sigríður Ragnarsdóttir

Aðstoðarskólameistari: Júlía Jörgensen

Áfangastjóri: Árni Stefán Guðjónsson

Fjármálastjóri: Katrín Eygló Hjaltadóttir (til 30. apríl 2024), Einir Tyrfingsson (frá 1. júní 2024)

Skólanefnd Flensborgarskólans er svo skipuð (frá 16. nóvember 2021):

- Daníel Scheving Hallgrímsson, formaður
- Snædís Ögn Flosadóttir
- Ingvar Viktorsson
- Hafdís Inga Helgadóttir Hinriksdóttir
- Sunna Magnúsdóttir

Varamenn nefndarinnar eru:

- Áslaug María Jóhannesdóttir
- Árni Freyr Guðnason
- Skarphéðinn Orri Björnsson
- Anna Kristín Jóhannesdóttir

Áheyrnarfulltrúi kennara:

- Árni Sverrir Bjarnason

Áheyrnarfulltrúi nemenda:

- Perla Eyfjörð, vorönn 2024 og Aðalbjörg Emma Hafsteinsdóttir, haustönn 2024, oddvitar NFF

Áheyrnarfulltrúi foreldra:

- Helga Guðrún Ásgeirsdóttir og Guðbjörg Harpa Valdimarsdóttir, úr stjórn foreldraráðs



Yfirstjórn

Skólameistari ber ábyrgð á rekstri skólans eins og lýst er í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Dagleg stjórn er í höndum skólameistara en honum til aðstoðar eru aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og fjármálastjóri. Að auki er skólanefnd milliliður menntamálaráðuneytis og skólameistara. Þá hefur skólameistari skólaráð sér til aðstoðar um ýmis málefni. Sameiginlega fylgja þessir aðilar lögum og reglugerðum um framhaldsskóla, námskrám og fleiru sem tryggir að nemendur fái þá þjónustu sem þeir eiga að fá.

Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara og hefur sérstaklega með að gera utanumhald með skólasókn nemenda, sér um umsjón með útskriftarnemendum og heldur utan um brautskráningarathöfn, innra mat, og hefur aðkomu að gerð áætlana og innleiðingu stefnu.

Áfangastjóri hefur sérstaklega með að gera skipulag skólstarfs, námsferla nemenda og gagnaskráningu.

Fjármálastjóri sér um fjárhagsbókhald skólans, greiðir reikninga og sér um innheimtu, hefur með áætlanagerð að gera og annast launabókhald skólans ásamt skólameistara.

Aðrir stjórnendur með mannaforráð:

- Forstöðumaður á starfsbraut er sviðsstjóri hennar og sér um námsskipulag nemenda brautarinnar, skiptingu kennslu og gerð stundatöflu.
- Forstöðumaður mótuneytis sér um rekstur mótuneytis, opnun o.s.frv.
- Forstöðumaður bókasafns sér um rekstur bókasafns, mönnun, opnunartíma o.s.frv.

Umsjónarmaður fasteigna sér m.a. um öryggismál, viðhald húsnæðis, sér um að opna og loka og umsjón með ýmsum rekstrarþáttum í samstarfi við ræstiaðila og mótuneyti skólans.

Samtals tíu kennarar eru fagstjórar á árinu 2024. Fagstjórar sjá um fagleg málefni kennslunnar í þessum greinum skv. nánari lýsingum; í íslensku, ensku, stærðfræði, dönsku og íþróttum, þriðja tungumálinu, félagsgreinum, raungreinum og viðskiptagreinum og á starfsbraut.

Á vorönn 2024 voru verkefnastjórar í verkefninu um heilsuefandi framhaldsskóla, innleiðingu farsældar, um EKKO málin og íþróttafrekssvið. Á haustönn 2024 voru eingöngu verkefnastjórar á íþróttafrekssviði og í verkefninu um heilsuefandi framhaldsskóla.

Fimmtán starfsmenn eru stundakennarar eða verktakar, flestir tengdir íþróttafrekssviði. Tölvuþjónusta er keypt af OK (Opin kerfi) en tölvukerfi skólans er keyrt í gegnum Menntaský stjórnarráðsins. Ræsting er keypt af Sólar ehf.

Sálfræðihúsið Bæjarhrauni hefur séð um sálfræðiþjónustu við nemendur frá og með hausti 2019. Nemendum er boðið upp á þrjá sálfræðitíma þeim að kostnaðarlausu og

gagnast það fyrirkomulag vel. Þá er einnig boðið upp á þjónustu hjúkrunarfræðings í húsi tvo morgna í viku. Viðvera hans er hluti af samstarfverkefni heilbrigðisráðuneytisins og barna og menntamálaráðuneytisins og er á vegum Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þjónustan er einkum og sér í lagi miðuð að stuðningi við geðheilbrigði ungs fólks og í forvarnarskyni.

**Hér má sjá yfirlit yfir helstu verkefni
Flensborgarskólans í daglegri
umsýslu hans:**



4. Starfsmannatölfræði

Á árinu 2024 störfuðu að meðaltali 74 starfsmenn við skólann og var fjöldi starfsgilda 70,1. Tíu starfsmenn létu af störfum við skólann á árinu, þar af tveir sem ráðnir voru tímabundið við afleysingar. Þrír starfsmenn létu af störfum fyrir aldursakir og fimm fóru til annara starfa. Meðalaldur starfsmanna á þessu ári var 50,4 ára, sem er örlítill hækkun á milli ára.

Taflan 4.1 hér fyrir neðan sýnir fjölda starfa og fjölda starfsmanna sem sinnir störfum á viðkomandi starfsstöð, ekki starfshlutfall. Þá sýnir tafla 4.2 og 4.3 kynjahlutfall í starfsmannahópnum og aldur.

Starfsheiti	V2021	H2021	V2022	H2022	V2023	H2023	V2024	H2024
Bókasafn (þjónustusvið)	2	2	2	1	1	1	1	1
Fjármálastjóri (þjónustusvið)	1	1	1	1	1	1	1	1
Framhaldsskólakennarar (kennslusvið)	60	62	57	56	56	58	58	54
Mötuneyti (þjónustusvið)	4	4	4	4	4	3	3	3
Nemendaþjónusta (þjónustusvið)	3	3	3	3	3	3	3	3
Skrifstofa (þjónustusvið)	2	2	2	2	2	2	2	3
Stuðningsfulltrúar (þjónustusvið)	7	6	7	6	5	5	3	2
Þroskaþjálfari (þjónustusvið)	1	1	1	1	1	1	1	1
Tölvuumsjón (þjónustusvið)	2	2	2	1	1	1	0	0
Umsjónarmaður fasteigna	1	1	1	1	1	1	1	1
Yfirstjórn (stjórnun)	5	5	5	4	4	3	3	3
Alls	88	89	85	80	76	79	77	72

Á árinu 2024 störfuðu að meðaltali 74 starfsmenn við skólann og meðalaldur starfsmanna var um 52 ár.

Kynjaskipting				
	V2024		H2024	
Svið	KK	KVK	KK	KVK
Kennslusvið	17	41	18	37
Nemendapjónusta	0	3	0	3
Þroskajálfi	0	1	0	1
Stuðningsfulltrúar	1	3	0	2
Yfirstjórn	1	2	1	2
Þjónustusvið	1	7	2	6
Alls	20	57	21	51
	VOR 2024		HAUST 2024	
Aldursbil	KK	KVK	KK	KVK
20 - 29	0	0	0	0
30 - 39	5	3	6	2
40 - 49	8	13	8	10
50 - 59	0	24	0	24
60 - 69	5	16	5	14
70 - 79	2	1	2	0
SAMTALS	20	57	21	51

Að auki voru fimmtán verktakar við störf á árinu 2024, flestir tengdir íþróttáafrekssviði eða alls níu íþróttapjálfarar. Aðrir voru stundakennara við leiklist, jógakennslu, kórsöng, myndvinnslu, matreiðslu og fleira.


- Þar sem starfsheiti hjá starfsmanni fellur að hluta til undir kennslu og að hluta undir annað starfsheiti (t.d. nemendapjónustu) er farið eftir starfsheiti þar sem starfshlutfall er hærra.

-
- Á vorönn 2024 voru fjórir í námsleyfi, tveir starfsmenn í veikindaleyfi og einn í launalausis leyfi. Á haustönn 2024 var sama uppi á teningnum; fjórir starfsmenn voru áfram í námsleyfi, tveir í veikindaleyfi, og einn starfsmaður í launalausis leyfi.
 - Þrír starfsmenn létu af störfum fyrir aldurs sakir.
 - Starfsmannavelta var 6,5% á árinu.

5. Nemendatölfræði

Eins og áður hefur komið fram voru nemendur 604 á vorönn 2024 en 678 nemendur hófu nám við Flensborgarskólann haustið 2024, alls 641 að meðaltali. Skiptingu á brautirnar fjórar; félagsvísindabraut, opna braut, raunvísindabraut og viðskipta- og hagfræðibraut má sjá á næstu mynd. Opna brautin er áfram vinsælasta brautin við skólann en hinar brautirnar virðast vera nokkuð jafnar að stærð. Nemendum hefur þó hlutfallslega fjölgað mest á viðskipta- og hagfræðibraut.

Á næstu töflu, töflu 5.1, má sjá hvernig nemendur skólans skipast niður á brautir, en þar sker opna námsbrautin sig töluvert frá hinum, með um það bil 45% nemendahópsins á báðum önnum. Nemendur á félagsvísindabraut eru í kringum 15% og á raunvísindabraut voru 12% nemendahópsins á vorönn 2024 en þeim fækkaði niður í 10% á haustönn 2024. Nemendum á viðskipta- og hagfræðibraut fækkar einnig eða úr 19% og niður í 16% á milli anna. Fjöldi nemenda á starfsbraut hækkar úr 4% í 5% á milli anna, en raunfjölda nemenda má sjá betur í töflu 5.2 á blaðsíðu 15.




Taflan hér fyrir neðan útlistar enn frekar betur skiptingu nemendahópsins á milli brauta og þeirra undirsviða sem nemendur eru á, þ.e. félagslífssvið, íþróttafrekssvið, listasvið og tæknisvið.

Braut	Heiti brautar	Deild	2024V	2024H
10.bek	10.bekkur	Félagsfræðigreinar	33	52
FÉLA	Félagsvísindabraut (2015)	Félagsfræðigreinar	45	41
FÉLA-F	Félagsvísindabraut (2015) félagslífssvið	Félagsfræðigreinar	5	10
FÉLA-Í	Félagsvísindabraut (2015) íþróttafrekssvið	Félagsfræðigreinar	28	34
FÉLA-L	Félagsvísindabraut (2015) listasvið	Félagsfræðigreinar	4	6
FÉLA-T	Félagsvísindabraut (2015) tæknisvið	Félagsfræðigreinar	1	13
OPIN	Opin námsbraut (2015)	Félagsfræðigreinar	165	157
OPIN-F	Opin námsbraut (2015) félagslífssvið	Félagsfræðigreinar	5	16
OPIN-Í	Opin námsbraut (2015) íþróttafrekssvið	Félagsfræðigreinar	89	114
OPIN-L	Opin námsbraut (2015) listasvið	Félagsfræðigreinar	7	9
OPIN-T	Opin námsbraut (2015) tæknisvið	Félagsfræðigreinar	8	16
RAUN	Raunvísindabraut (2015)	Raungreinar	20	16
RAUN-F	Raunvísindabraut (2015) félagslífssvið	Raungreinar	0	1
RAUN-Í	Raunvísindabraut (2015) íþróttafrekssvið	Raungreinar	43	44
RAUN-L	Raunvísindabraut (2015) listasvið	Raungreinar	3	2
RAUN-T	Raunvísindabraut (2015) tæknisvið	Raungreinar	5	4
ST1	Starfsbraut 1 og 2	ST	26	32
VIHA	Viðskipta- og hagfræðibraut (2019)	Viðskiptagreinar	49	35
VIHA-F	Viðskipta- og hagfræðibraut (2019) félagslífssvið	Viðskiptagreinar	6	7
VIHA-Í	Viðskipta- og hagfræðibraut (2019) íþróttafrekssvið	Viðskiptagreinar	55	63
VIHA-L	Viðskipta- og hagfræðibraut (2019) listasvið	Viðskiptagreinar	2	1
VIHA-T	Viðskipta- og hagfræðibraut (2019) tæknisvið	Viðskiptagreinar	5	5
Samtals:			604	678

Hér má sjá að nemendum á starfsbraut fjölgar um sex á milli anna. Undanfarin ár hafa almennir nemendur farið beint inn á eina af brautunum fjórum og tekið síðan sérstaka undirbúningsáfanga í kjarnagreinum eftir þörfum. Þetta fyrirkomulag hefur reynst afar vel. Það er jákvætt að sjá að fjölmargir nemendur kjósa að velja sér svið innan brauta sinna, eða tæplega helmingur nemendahópsins á haustönn, líkt og áður hefur komið fram. Fjölgar nokkuð á sviðunum fjórum á milli anna, á vorönn 2024 voru um 44% nemenda á einu af sviðunum fjórum en á haustönninni voru það 51%. Þá er góður hópur nemenda úr grunnskólum Hafnarfjarðarbæjar sem sækir Bæjarbrúna, 33 á vorönn 2024 og 52 á haustönn 2024.

Hópar í kennslu voru áfram fleiri en fyrri misseri og er það að hluta til vegna bekkjarkerfisins og þeirrar umgjörðar sem því fylgir. Í því er öllum nemendum, öllum bekknum, boðið upp á jafnmarga áfanga sem þýðir að hóparnir í hverjum áfanga fyrr sig verða fleiri. Áfangar í kennslu eru svipað margir á milli ára, 100 á vorönn 2024 og 96 á haustönn 2024. Hér fyrir neðan, í töflu 5.3 má sjá yfirlit yfir fjölda áfanga sem kenndir hafa verið frá árinu 2016:



6. Markmið og staða mála

Líkt og komið hefur fram þá hefur Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, líkt og aðrir framhaldsskólar, það hlutverk samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 að taka á móti móti ungu fólki sem lokið hefur grunnskóla og finna því nám við hæfi. Hlutverk skólans eru nánar skilgreind í lögnum þar sem huga þarf að því að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Það er gert með því að:

búa nemendur undir
frekara nám og
þátttöku í atvinnulífi

efla færni nemenda í
íslenskri tungu


styrkja
siðferðisvitund
nemenda og ábyrgð

þjálfar nemendur í
öguðum
vinnubrögðum

leiðbeina nemendum
til ábyrgðar og
jafnréttis

hvetja nemendur til
frumkvæðis og
þekkingarleitar

Flensborgarskólinn hefur leitast við að framfylgja þessari skilgreiningu náms samkvæmt lögum og hefur það að markmiði sínu að vinna að hugmyndafræðinni *Menntun til farsældar*, sjá nánar í stefnu skólans á flensborg.is. Með því er lögð er áhersla á gróskuhugarfar, skuldbindingu nemenda í námi, metnaðarfullt námssamfélag og almenna vellíðan í skólastarfinu.



Samkvæmt stefnu skólans, sem gefin var út á 138 ára afmæli skólans árið 2020, hafa nemendur og starfsfólk skólans *framsækni, metnað og farsæld* að leiðarljósi. Markmið skólastefnunnar eru fjögur; áður nefnd menntun til farsældar, að kennsluhættir og námsskipulag séu fjölbreyttir, að bjóða öflugra stoðþjónustu, að nemendur fái hvatningu til að temja sér góð vinnubrögð, að námsskrá skólans sé sveigjanleg og að námsframboð sé fjölbreytt. Einnig hefur aukin áhersla verið lögð á námssamfélagið sem slíkt, að nemendur séu komnir í skólann til að læra, þroskast og gleðjast. Umsjónarkennslan, eða *Hámark* eins og það er kallað, er hornsteinn slíks samfélags. Þar er lögð áhersla á góða mætingu og að nemandinn sé virkur í sínu námi.

Markmið skólastefnunnar eru fjögur; menntun til farsældar, framsæknir kennsluhættir og námsskipulag, öflug stoðþjónusta og hvatning til nemenda, sveigjanleg námskrá og fjölbreytt námsframboð.

Með þessum áherslum í kjarnastarfsemi tekur skólinn virkan þátt í vinnu að markmiðum stjórnvalda sem snúa meðal annars að fjölbreyttu námsframboði og að fleiri nemendur ljúki námi á tilsettum tíma. Þar hefur skólinn sett sér þrjú markmið; að halda áfram að vinna gegn brottfalli í Flensborgarskólanum, til dæmis með því að styðja betur við nemendur í gegnum fyrsta árið með bekkjarkerfi og þannig efla ástundun og skuldbindingu þeirra. Einnig að sækja fram í kennsluháttum og stefna enn frekar að verkefnaþróun námi líkt og kemur fram í stefnu skólans.

Þegar litið er til rekstrarþátta er áfram lögð áhersla á að finna jafnvægi í rekstri skólans og vinna að hagkvæmni í rekstrarumhverfinu, t.d. með því að greina rekstur brauta og þá samninga sem skólinn hefur skuldbundið sig við og snýr að þjónustustigi skólans. Einnig að fylgjast vel með kjarabróun starfshópa stofnunarinnar, t.d. með því að endurskoða stofnanasamninga og huga að virkri jafnlaunastefnu í gegnum jafnlaunavottun stofnunarinnar. Þá er einnig lögð áhersla á að huga að starfsánægju og að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar.

Það er því, líkt og fyrri ár, ljóst að helstu áherslur skólastarfsins kallast vel á við helstu áherslur í menntastefnu stjórnvalda og er það vel.

7. Mat – Ytra

Ytra mat fór síðast fram árin 2013 og 2018. Í framhaldi af úttekt 2018 var farið í markvissar umbætur samkvæmt umbótalista og sýna fyrri samantektir að brugðist var við þeim helstu athugasemdum sem gerðar voru á sínum tíma. Gerð verður grein fyrir því helsta hvað varðar ytra mat hér fyrir neðan en samkvæmt öllu átti næsta ytra mat á vegum ráðuneytisins að fara fram árið 2022. Það hefur þó ekki enn komið til framkvæmda.

Flensborgarskólinn tekur þátt í ýmsum ytri könnunum, bæði er varða skólastarfið og starfsemi stofnunarinnar sem slíkrar.

Engar niðurstöður lágu fyrir á árinu 2024 er varðar *Skólapúlsinn*, samræmd rannsókn um líðan og námshegðun framhaldsskólanemenda.

Stofnun ársins er könnun á vegum Fjármála- og efnahagsráðuneytisins í samstarfi við stéttarfélagið Sameyki. Flensborgarskólinn kom nokkuð vel út úr matinu vorið 2020 en vegna heimsfaraldurs var könnunin ekki framkvæmd vorið 2021. Niðurstaða úr könnuninni 2022 var vonbrigði fyrir stofnunina, en niðurstaða ársins 2023 var mikið gleðiefni fyrir stofnunina (3,72) Svarhlutfallið hækkaði hjá starfsfólki varð 70% og fyrir árið 2024 hélst sú þátttaka nokkurn veginn. Heildarmat Flensborgarskólans er 3,84 og lækkaði líttilega á milli ára. Einn þáttur – *starfsandi* - hækkaði á milli ára, sem er gleðiefni, en þeir þættir sem lækkuðu mest á milli ára var *launakjör* og *sveigjanleiki* í vinnu.

Haldið verður áfram að hlúa að starfsandanum en nefna má að þegar litið er til heildarmats sambærilegra stofnana, mældust þær með 4,18 og meta stjórnendur Flensborgarskólans það svo að enn séu tækifæri til að gera betur. Þar skiptir samstaða starfsmannahópsins mestu máli. Heildarmat allra stofnana var 4,11.

Heildarmat

Flensborgarskólans í

Stofnun ársins er 3,84 og lækkaði um 0,21 á milli ára.

Helstu niðurstöður könnunarinnar voru fyrst kynntar í tölvupósti til starfsmanna strax í kjölfar birtingar. Þá voru niðurstöðurnar einnig kynntar á starfsmannafundi í mars og var farið yfir helstu spurningar sem gáfu til kynna þá þætti sem væri ábótavant hjá stofnuninni. Haldið verður áfram að hvetja til góðrar þátttöku og góðs skilnings á helstu þáttum könnunarinnar.

Tafla 7.1 – Yfirlit yfir þætti sem könnunin
Stofnun ársins byggir á

- Ánægja og stolt
- Ímynd stofnunar
- Jafnrétti
- Launakjör
- Sjálfstæði í starfi
- Starfsandi
- Stjórnun
- Sveigjanleiki í vinnu
- Vinnuskilyrði

8. Mat – Innra

Rík áhersla hefur verið lögð á að innra mat skólans á undanförunum árum. Í sjálfsmatsnefnd skólans árið 2024 sátu Borghildur Sverrisdóttir, sálfræðikennari (til vors 2024), Erla Sigríður Ragnarsdóttir, skólameistari, sem jafnframt leiðir störf nefndarinnar, Matthildur Rúnarsdóttir, stærðfræðikennari (til vors 2024), Júlía Jörgensen, aðstoðarskólameistari, Unnar Örn Þorsteinsson, enskukennari, Ásbjörn Friðriksson stærðfræðikennari, Anný Gréta Þorgeirsdóttir jarðfræðikennari og Árni Stefán Guðjónsson áfangastjóri.

Tafla 8.1 sýnir þær kannanir sem lagðar voru fyrir sem hluti af innra mati árið 2024:

Yfirlit yfir kannanir á skólaárinu

Könnun	Lögð fyrir
Kennslumat nemenda	Lagt fyrir í lok anna bæði að vori og hausti
Viðhorfskannanir nýnema um bekkjarkerfi	Lagt fyrir bæði að vori og hausti
Könnun um jafnrétti í kennslu - kennarar	Lagt fyrir á haustönn
Ferðavenjukönnun starfsmanna	Lögð fyrir að vori
Könnun meðal útskriftarnema	Lögð fyrir að vori
Könnun meðal foreldra nýnema	Lögð fyrir að vori
Viðhorf nýnema til skólastarfsins	Lögð fyrir að vori
Hvað finnst þér? Grunnskólanemar spurðir	Lagt fyrir að vori í lok skólaheimsóknna
Könnun um stofnun ársins - starfsfólk	Lögð fyrir í nóvember
Könnun um mötuneyti skólans	Lögð fyrir að vori
Könnun umhverfisnefndar skólans	Lögð fyrir að vori
Könnun um bókasafn skólans	Lögð fyrir að vori

Enn halda niðurstöður kennslumats áfram að vera góðar og ýmis jákvæð merki má greina. Nemendur eru almennt ánægðir með nám og kennslu í skólanum og með kennarana sína almennt.

Að venju má lesa ákveðnar áskoranir úr kennslumati sem bæði snúa að nemendunum sjálfum en einnig að verkefnavinnu og kennsluaðferðum. Skuldbinding nemenda við eigið nám er eilíðarverkefni sem þarf sífellt að vinna að og styðja við. Öðru hvoru, líkt og núna,


koma upp vísbendingar um að nemendur upplifi að verkefni mættu vera áhugaverðari og að kennarar hafi svigrúm til að beita fjölbreyttari kennsluaðferðum til að koma námsefninu á framfæri. Þeim tillögum nemenda er komið á framfæri við kennarahópinn sem eru sífellt í endurskoðun með eigið efni og að leita leiða til að höfða betur til nemenda. Þrátt fyrir að rými sé til endurbóta eru niðurstöður kennslumats góðar og mælast á styrkleikabili líkt og undanfarin ár. Áfram er skólinn að ná markmiðum sínum í skólastarfinu, nemendum líður á heildina litið vel, eru ánægðir með skipulag náms og samskipti við kennara og upplifa sanngirni í námsmati.



Áfram eru lagðar fyrir nýnema viðhorfskannanir um bekkjarkerfið sem mælist enn vel fyrir hjá nemendahópnum og koma nokkuð vel út á heildina litið. Niðurstöður gefa til kynna að nemendum líði vel í skólanum og þeir séu ánægðir með veru sína þar. Þeir upplifa flestir góðan anda í bekknum sínum og finnst nokkuð auðvelt að tjá sig innan hans þó einnig sé að finna sveiflur á milli bekkja hvað þetta varðar. Flestir bekkirnir upplifa góð samskipti á milli bekkjarfélaga og einnig að forelrar fylgist vel með námi þeirra.

Kannanirnar eru lagðar fyrir tvisvar fyrir hvern bekk fyrir sig en þátttaka í könnunum var um 63%. Leitast var eftir því að kanna upplifun nemenda af því að vera í bekk, líðan þeirra, samskiptum innan hópsins, vinnufrið í kennslustundum, umgengni og viðhorfi til félagslífs.

Hér má sjá hvernig svör nýnema skiptast þegar spurt er um vellíðan í skólanum.



Nýnemar voru, líkt og áður, einnig spurðir um ýmsa þætti skólastarfsins eftir fyrsta árið í skólanum. Þeir voru m.a. spurðir um upplifun sína af menntuninni sem þeir fengu, aðstöðu til náms, félagslíf innan skólans, skólabrag og líðan í skólanum. Flokkarnir mælast flestir á starfhæfu- eða styrkleikabili en nemendur nota einnig tækifærið til að benda á það sem vel er gert, hrósa fyrir ákveðna þætti og benda á það sem betur mætti fara í skólastarfinu.

Útskriftarnemar eru spurðir í aðdraganda útskriftar um viðhorf sitt til skólans almennt, kennslunnar sem þeir fengu, gæða menntunarinnar og aðstöðu almennt. Í heildina eru nemendur ánægðir með veru sína í skólanum og telja sér hafa liðið vel í skólanum á námstímanum. Þeir eru almennt sáttir við menntunina sem þeir fengu, upplifa öryggi hér innanhúss og eru sérlega ánægðir með t.d. mótuneyti, aðgengi, bílastæði og kennslustofur. Þeir upplifa ágæta samstöðu nemenda, telja að orðspor skólans sé almennt gott og athygli vekur að yfir 80% þeirra stefna á háskólanám að útskrift lokinni.



Í maí kom sjálfsmatsnefnd saman auk nokkurra annarra úr hópi starfsfólks með það að markmiði að rýna stefnu skólans sem sett hafði verið til ársins 2024. Þó hópurinn hafi á heildina litið verið ánægður með það sem lagt var upp með í stefnunni þarf engu að síður að lesa yfir og meta hvað hefur gengið eftir og hvar þarf að vinna á. Áætlað var að þessi fundur markaði upphaf að nýju stefnumótunarferli skólans fyrir næsta skólaár.


Fyrir hópinn voru lagðar nokkrar spurningar sem snúa að gildum skólans og markmiðunum fjórum í stefnu skólans. Í grófum dráttum voru niðurstöður hópsins þær að almennt væri unnið vel með þessar áherslur innan skólans og skólinn hlúði vel að nemendum sínum. Hópurinn telur þó að gera þurfi gildi skólans sýnilegri en þau sjáist þó vel í öfluggu utaunumhaldi með nemendum í bekkjarkerfi, í móttöku nýnema og öflugri nemendapjónustu. Sama gildir um stefnu skólans. Flestir eru sammála því að vel sé unnið eftir stefnu t.d. þegar kemur að sveigjanleika til náms og hvað fjölbreytt námsframboð varðar en gera megi betur í því að hvetja nemendur til sjálfstæðra vinnubragða og í því að efla framsækna kennsluhætti. Áfram verður haldið í vinnu um stefnu skólans haustið 2025.

Sjálfsmatsnefnd skólans er sammála um að gott hafi verið að rýna stefnu skólans með þeim hætti sem hér var gert enda þurfi af og til að spegla skólastarfið og sjá hvar megi gera betur. Þar sem rýni á námsbrautir skólans hefur nýlega farið fram, og stendur í raun enn yfir, er nauðsynlegt að skoða stefnu skólans í heild sinni og aðlaga að þörfum skólasamfélagsins.



Námsmat er afar mikilvægur hluti af sjálfsmati skóla og hefur Flensborgarskólinn fylgst vel þróun þess á undanförunum árum. Að þessu sinni stendur meðaleinkunn nemenda nánast í stað, fer úr 6,9 í 6,8 á milli ára, sjá nánar um þróun á námsárangri í töflu

8.3 hér fyrir neðan.




Hæstu einkunnirnar eru hjá nemendum raunvísindabrautar (7,6), og viðskipta- og hagfræðibrautar (7,1). Þá koma nemendur á félagsvísindabraut (6,9). Lægsta meðaleinkunn á braut er á opinni braut skólans (6,3). Þá eru nemendur Bæjarbrúar, en þeir taka alls fjóra áfanga á skólaárinu (stæ og ens), með 8,7 að meðaltali og nemendur á starfsbraut með 8,0. Þá fylgist skólinn einnig með einkunnum nemenda á ÍSAN námsleið og var meðaleinkunn þar 6,45 á árinu 2023. Úrsögnum úr áföngum fjölgaði á milli ára en að sama skapi hefur þeim fækkað sem hætta alfarið námi við skólann og brottfallið því minna. Þetta þýðir að fleiri nemendur ljúka námi og tæp 70% þeirra ljúka námi í dag á þremur árum. Gera má ráð fyrir að mikið utanumhald um nemendur á fyrsta ári í bekkjarkerfi skipti þarna sköpum sem og skuldbinding nemenda við námið og fylgni þeirra við námsbraut. Í því samhengi má benda á að brotthvarf nýnema við Flensborgarskólann, samkvæmt árlegu mati barna- og menntamálaráðuneytisins, er enn undir meðaltali, eða 2,7% á skólaárinu 2023, miðað við 3,8% á landsvísu. Þá er einnig vert að nefna að Flensborgarskólinn er meðal þeirra tíu framhaldsskóla á landinu þar sem brottfallið er undir meðaltali sem er afar góður árangur.

Starfsmannasamtöl voru með sambærilegu sniði árið 2024 og verið hefur undanfarin ár. Starfsmönnum er boðið upp á starfsmannasamtal þriðju hverja önn og eru samtöl starfsfólks kennslusviðs tengt við niðurstöður kennslumats. Niðurstöður starfsmannasamtala gefa til kynna að starfsánægja sé almennt góð og sé að styrkjast.

Kennslumatið kom vel út hjá stærstum hluta hópsins. Einnig var rætt um tækifæri til starfsþróunar, svo þróunar nýrra áfanga, verkefnastjórnunar, fyrirhuguð starfslok þar sem það átti við ofl. Fram kom í viðtölum að almennt er starfsfólk ánægt í starfi og líður vel í Flensborgarskólanum.

Vinna með umbótaáætlun innra mats síðasta árs gekk vel eins og áður með góðu utanumhaldi og hefur langflest komið til aðgerða, sjá fylgiskjal í viðauka. Stærstu umbótaliðir eru komnir vel á veg og er jafnvel lokið í bili þó aðrir séu í stöðugri vinnslu. Umbótaþættirnir snúa að því að efla skólastarfið, endurskoða námsskrá, efla skuldbindingu nemenda, auka gæði náms, endurskoða námsskrá, betrubæta aðstöðu til skólastarfs og styrkja frekar starfsanda innan stofnunarinnar. Almennt ganga verkefnin vel í vinnslu en innra starf skólans er í sífelldri endurskoðun bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Stærstu verkefnin snúa eftir sem áður að nemendum sjálfum; að þeir skuldbindi sig námi, sinni því vel og taki virkan þátt í skólastarfinu.

Af þessu má greina að sóknarfæri Flensborgarskólans eru fjölmörg. Þau eru lögð fram í umbótaáætlun skólans fyrir hvert ár fyrir sig og hefur verið lagt kapp á að kynna hana vel fyrir starfsfólki, samræma hana við aðrar áætlanir og úttektir á skólastarfinu. Í því felast næstu verkefni sjálfsmatsnefndar; að halda áfram markvissu mati á innra starfi skólans og fylgja umbótum vel eftir.



9. Verkefni

Verkefni skólans eru eins fjölbreytileg og þau eru mörg. Af mörgu er að taka en á árinu 2024 voru nokkur verkefni fyrirferðarmikil í skólastarfinu og verður gerð grein fyrir þeim hér fyrir neðan. Má þar nefna meðal annars *heilsueflandi framhaldsskóli, Jafnlaunavottun, Græn skref í ríkisrekstri og Grænfánaverkefni Landsverndar*.



Flensborgarskólinn fékk haustið 2024 jafnlaunavottun staðfesta til ársins 2025 eftir að gerð var úttekt á launakjörum starfsmanna. Vottunarfyrirtækið BSI á Íslandi sá um úttektina en hún felur í sér faglega úttekt á launum starfsfólks, starfaflokkun og öðrum þáttum sem hafa áhrif á launakjör kynjanna. Meginniðurstöður aðhvarfsgreiningar sýna að konur við Flensborgarskólann eru að meðaltali með 2% hærri laun en karlar bæði þegar kemur að heildarlaunum og grunnlaunum. Niðurstöður þessar staðfesta að Flensborgarskólinn uppfyllir áfram þær kröfur sem lagðar eru fram samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 og sýna fram á að jafnlaunakerfið sé hannað til að ná markmiðum og stefnu skólans í jafnlaunamálum, enda hefur það nú verið sannreynt í fimmta sinn. Þegar horft er til fjölda starfsmanna í nefndum á vegum stofnunarinnar skólaárið 2023 – 2024 þá eru nefndarmenn alls 37, konur eru þar í meirihluta en þátttaka karla er engu að síður góð auk þess sem gætt er að þátttöku allra kynja í nefndarstarfi. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Það er ljóst að ákvarðanir um laun starfsfólks Flensborgarskólans fela ekki í sér kynbundna mismunun.



HEILSUEFLANDI
framhaldsskóli

Verkefnið um heilsueflandi framhaldsskóla hélt áfram á skólaárinu en verkefnastjóri þess er Eva Björk Jónudóttir. Skólinn tók þátt í Lífshlaupinu að venju og bauð starfsfólki upp á heilsueflingarstyrk auk þess að fá rafmagnshjól skólans að láni. Þá fór Flensborgarskólahlafið fram í september en að þessu sinni var hlaupið til styrktar Píetasamtökunum sem fengu styrkinn afhentan formlega á afmæli skólans þann 1. október sl.

græn SKREF

ríkisstofnanna og Grænfánaverkefnið eru verkefni sem áfram var unnið með á árinu. Stjórnendur hittu lykilmenn úr starfsmannahópnum í verkefninu reglulega þar sem farið var yfir stöðuna í umhverfismálum, bæði með nemendum og án þeirra. Lögð hefur verið meiri áhersla á að auka sýnileika umhverfis- og loftslagsmála innan skólans og valdefla nemendur en á döfinni er herferð um flokkun á rusli og fleiri leiðir kannaðar til að virkja nemendur betur í góðri umgengni. Enn er boðið upp á samgöngustyrki fyrri þá sem ferðast til og frá vinnu á umhverfisvænan máta.



Grænfánaverkefni Landsverndar er leitt af umhverfisnefnd skólans, sem skipuð er bæði nemendum og kennurum. Umhverfisnefndin hefur unnið hörðum höndum að náttúruvernd og miðlun umhverfisvitundar undanfarin ár og flaggaði sínum fjórða fána á árinu. Verkefnið er alþjóðlegt og var þema þess árið 2024 *lýðheilsa*.



Samskiptasáttmáli er skýr leiðarvísir að jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum á vinnustöðum og í því ljósi var ákveðið að hefjast handa við slíkan sáttmála í Flensborgarskólanum árið 2023. Vinna við samskiptasáttmálann hófst það ár og lauk árið 2024 með undirritun starfsfólks skólans. Markmið samskiptasáttmálans er að allt starfsfólk skólans tileinki sér sömu leiðarljós í samskiptum en þau eru átta talsins: ábyrgð, kurteisi, tillitsemi, samkennd, virðing, jákvæðni, fagmennska og traust. Elín Guðmundardóttir, stærðfræðikennari við skólann, á heiðurinn af teikningu sem sýnir leiðarstefnin og vísar um leið veginn að góðum samskiptum.



Síðan haustið 2022 hefur námskrá skólans verið yfirfarin og ýmsar breytingar gerðar á námsbrautum. Allar breytingar hafa verið ræddar á bæði fagfundum og kennarafundum en m.a. varð breyting á einingafjölda til stúdentsprófs og einingar voru skilyrtar við ákveðin þrep

auk þess sem kjarni brauta var styrktur. Árið 2024 var aðallega unnið með opna námsbraut skólans og línur undirbúnar til styrkingar námsbrautinni. Einnig var unnið með félagsgreinakjarna á brautum utan félagsvísindabrautar, áfangaframboð á viðskipta- og hagfræðibraut og hugmyndir að alþjóðasviði voru ræddar.

Námskrárvinnan teygist yfir á vorönn 2025 en þá er áætlað að vinnunni ljúki í bili.

10. Afkoma

Rekstur skólans árið 2024 var áfram þungur þó að rekstrartapið minnkaði verulega á milli ára (+38 mio). Munar þar mestu um minni launakostnað stofnunarinnar m.a. vegna færri afleysinga á starfsárinu auk hækkunar fjárheimildar til skólans á milli ára. Líkt og áður, eða allt frá heimsfaraldri, hefur engu að síður ýmislegt breyst í rekstrinum er varðar möguleika skólans á að afla sér sértekna. Skýringin fer einföld, öll umsýsla og keypt þjónusta af nemendum er varðar skólahald er minni í dag en hún var áður. Einnig er áfram tap á rekstri mótuneytis, þ.e. umfram rekstrarkostnað þess. Því eru sértekjur skólans töluvert lægri en gert er ráð fyrir í fjárlögum hverju sinni og það þrátt fyrir hærri sértekjur á milli ára. Erfitt er að sjá hvernig hægt er að brúa það bil þegar til lengri tíma er litið. Aukinn rekstrarkostnaður var óverulegur á árinu en launaliður stofnunarinnar hækkaði áfram á milli ára. Þá skipta miklu máli sveiflur í fjölda nemenda frá ári til árs, jafnvel annar til annar, og þar með lækkandi fjárheimild skólans á síðustu árum. Á árinu 2024 var ársveltan kr. 1.355,3 milljónir, þar af beint framlag ríkisins kr. 1.295,1 milljónir. Afkoma

„Rekstrarstaða skólans er því neikvæð á rekstrarárinu 2024, eða rúmar 40 milljónir, eignir skólans eru samtals 33,2 milljónir.“

skólans var því neikvæð um 43 milljónir. Eignir skólans eru samtals 33,2 milljónir.

Fjárfestingarheimild ársins var að hluta til nýtt á árinu og þá til kaupa á tölvubúnaði, skjám fyrir kennslustofur og annað er tengist fjölbreyttri starfsemi skólans.

Áfram er verið að skoða leiðir til að halda rekstrarumhverfi skólans góðu og innan fjárheimildar og er ljóst að huga þarf áfram vel að ársveltu ársins 2025 enda skólanum gert að spara verulega á árinu. Fjárheimild skólans samkvæmt fjárlögum 2024 fer áfram lækkandi, er 1.279 milljónir, og er þá miðað við að heildarfjöldi nemenda á árinu sé 600. Þá hefur skólinn áhyggjur af rekstri starfsbrautar, en miðað við skilgreint fjárframlag til deildarinnar þá er ljóst að hún er, líkt og í öðrum framhaldsskólum, rekin með miklum halla frá ári til árs. Beiðni um leiðréttingu á fjárframlagi hefur verið komið á framfæri til ráðuneytis, einnig vegna ónógra kjarabóta vegna kjarasamninga og verðbóta á árinu, t.a.m. vegna hækkandi húsaleigu til ríkisins.

11. Brotthvarf og námsárangur

Flensborgarskólinn í Hafnarfirði hefur samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 það hlutverk að taka á móti ungu fólki sem lokið hefur grunnskóla og finna því nám við hæfi.


Brotthvarf telst lítið og hefur á síðustu árum, samkvæmt tölum frá mennta- og barnamálaráðuneytinu, hjá fyrsta árs nemum verið á pari við landsmeðaltali og/eða vel undir landsmeðaltali hjá Flensborgarskólanum. Er þetta ánægjulegt, sérstaklega í ljósi þess að nemendahópur skólans er fjölbreyttur og með ólíkar þarfir. Leitt er að því líkum að bekkjarkerfi á fyrsta ári sé veigamikill þáttur í þessum niðurstöðum enda utanumhald mikið og stuðningur. Nemendur skólans eru á mjög mismunandi getu- og áhugastigi, auk nemenda með ýmskonar fatlanir, erlendra nemenda, barna sem koma til landsins án fylgdar og/eða eru á flóttu.

Meðfylgjandi tafla (tafla 11.1) sýnir samanburð á fjölda einkunna sem gefnar voru frá starfsárunum 2020-2024. Ef við beinum sjónum okkar að starfsárinu 2024 má sjá að hlutfall úrsagna hækkar á milli ára, eða úr 3,7 % í 4,25%. Úrsagnir eru alltaf fleiri á vorönn

og að þessu sinni var það tæp 5%. Fall nemenda í áföngum er hins vegar sambærilegt á milli, lækkar lítillega á milla ára. Meðaleinkunn á vorönn 2024 var **6,7** en **6,9** á haustönn 2024.

Önn	Fjöldi gefinna einkunna	Meðaleinkunn	Hlutfall staðið	Hlutfall úrsagnir	Hlutfall fallið
2021	4244	7	86,6%	4,3%	9,1%
20202	5478	7,1	88,3%	2,7%	9,0%
20211	5228	6,9	82,4%	3,4%	14,2%
20212	5297	6,8	84,3%	5,3%	10,4%
20221	4650	6,7	84,4%	4,0%	11,6%
20222	5052	7,1	86,8%	2,4%	10,8%
20231	4644	7	81,8%	4,9%	13,3%
20232	5077	6,9	86%	1,8%	12,2%
20241	4564	6,7	82,3%	3,8%	11,9%
20242	5219	6,9	86,4%	4,7%	12,4%

Í eftirfarandi línuriti (tafla 11.2) er síðan hægt að sjá þróun úrsagna og falls í Flensborgarskólanum allt aftur til vorannar 2016. Þar er ánægjulegt að sjá að bæði fall og úrsagnir nemenda í áföngum hefur minnkað á undanfórnum árum og er flestar annir undir meðaltali á þessu tímabili:



12. Skólaþróunarverkefni

Átta starfsmenn hlutu styrki til starfsþróunar á árinu 2024 í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði.

Skólinn stóð fyrir skólaþróunarverkefni bæði á vor- og haustönn 2024. Auglýst var eftir styrkjum fyrir vorönn 2024 á haustönn 2023 og fyrir haustönn 2024 á vorönn 2024. Það starfsfólk sem vann að skólaþróunarverkefnum á árinu skilaði inn skýrslum um verkefnin.

Eftirfarandi skólaþróunarverkefni voru unnin árið 2024:

Vorönn 2024:

- Auður Stefánsdóttir – Núvitund
- Ása Katrín Hjartardóttir – Þróun nýs áfanga
- Hildigunnur Guðlaugsdóttir – Núvitund
- Hildur Einarsdóttir – Núvitund

Haustönn 2024:

- Guðmundur G. Brynjólfsson – Greining á námi á háskólastigi
- Steinhildur Hildimundardóttir – Þróun áfanga, námsefnisgerð
- Styrmir Reynisson, Þórdís Lilja Þórisdóttir og Bjarni Þórarinn Hallfreðsson – Þróun áfanga
- Örlygur Axelsson – Endurskipulagning áfanga

Öll skólaþróunarverkefni gengu í heildina vel og það starfsfólk sem tók þátt í verkefnunum var ánægt með verkefnið og tækifærið sem fæst með þátttöku í verkefninu

til endurmenntunar. Afrakstur verkefnanna hefur jákvæð og góð fagleg áhrif á skólastarfið í heild.

13. Ýmis mál



Áfram héldu nemendur merki skólans á lofti með starfi sínu á árinu. NFF var undir stjórn Perlu Eyfjarðar Arnardóttur á vorönn 2024 og Aðalbjargar Emmu Hafsteinsdóttur haustið 2024. Ný stjórn NFF tók vel á móti nýnemum við skólann haustið 2024 og bauð í nýnemaferð til Þorlákshafnar með tilheyrandi skemmtun. Nýnemadansleikur var svo haldinn í september á Strandgötu. Hann var vel sóttur og nemendur ánægðir með kvöldið. Gettu betur lið skólans æfði stíft á haustönn fyrir komandi keppni en skólinn lauk keppni í annari umferð keppninnar í byrjun janúar 2025. MORFÍS lið skólans æfði einnig vel á haustönninni en á vorönn 2024 endaði skólinn í 2. sæti eftir tap gegn Menntaskólanum á Akureyri.



Flensborgarhlaupið var haldið þann 21. september og ágóði þess rann til **Pieta samtakanna**. Metþátttaka var í hlaupinu að þessu sinni og var umgjörð hlaupsins hin glæsilegasta. Aðstæður voru einnig góðar þrátt fyrir að rigndi á hlaupara nánast allan tímann. Helstu styrktaraðilar hlaupsins voru Hafnarfjarðarbær, Landsbankinn og KFC. Þá veittu ýmis fyrirtæki í Hafnarfirði

hlaupinu lið með vinningum og þátttökuverðlaunum í lok hlaup að ónefndum sjálfboðaliðum, bæði úr hópi nemenda og starfsfólks sem lögðu svo sannarlega sitt af mörkunum til að gera hlaupið mögulegt.

Flensborgarskólinn hefur því hlutverki að gegna að halda utan um fræðslusjóð Jóns Þórarinssonar. Veitt er úr sjóðnum einu sinni á ári, á brautskráningu um jól, en árið 2024 hlaut styrkinn Luis Gísli Rabelo, doktorsnemi í læknávisindum við Háskóla Íslands. Luis Gísli vinnur nú að doktorsritgerð sinni um að meta hrumleika öldrunar hjá eldri sjúklingum fyrir valkvæðar skurðaðgerðir og skoða útkomur þeirra en einnig til að meta hvort að forhæfing, eða undirbúningur fyrir aðgerð, gagnist þessum sjúklingum. Styrkurinn er að upphæð 600.000 krónur.

Útskriftarnemendur gáfu einnig af sér á árinu 2024 og héldu þeirri hefð að gefa gjöf í tilefni útskriftar og styðja við gott málefni. Á haustönninni styrktu útskriftarnemendur Krabbameinsfélag Íslands en á vorönn styrktu nemendur Píeta samtökin sem sinna forvarnarstarfi gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða.

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir þá styrki sem skólinn fékk á árinu 2024 til ýmissa verkefna. Má þar nefna styrki vegna Flensborgarhlaupsins og styrki til nemenda á útskrift skólans.

Tafla 13.1 – Yfirlit yfir styrki til

Styrkir árið 2024	Upphæð
Hafnarfjarðarbær - v/Flensborgarhlaups	150.000
Landsbankinn - v/Flensborgarhlaups	60.000
KFC v/Flensborgarhlaups	150.000
MRN framlag vegna velferðar og farsældar	3.436.000
Rannís - SEF, styrkir til endurmenntunar (sumarnámsk.)	300.000
Rannís - SEF, styrkir til endurmenntunar (ráðstefna)	600.000
MRN úthlutun Sprotasjóðs 02-721	650.000
Styrkur frá Rio Tinto	200.000
Samtals	5.546.000

14. Samvinna við aðrar stofnanir

Samstarf skólans við hinar ýmsu stofnanir er margþætt. Fyrst ber að nefna öflugt samstarf og gagnlegt samtal um rekstrarmál við ráðuneyti Mennta- og barnamála. Einnig má nefna fjölskyldu- og barnamálasvið Hafnarfjarðarbæjar, en við það á skólinn margvíslegt samstarf er snýr að farsæld nemenda, ekki síst hvað varðar hælisleitendur og flóttafólk. Í farsældarvinnu standa vonir til þess að þetta samstarf aukist, bæði innan Hafnarfjarðar og við önnur sveitarfélög enda koma nemendur Flensborgarskólans víða að.

Bæjarbrúin er svo samstarfsvettvangur skólaskrifstofu Hafnarfjarðarbæjar, grunnskóla bæjarins og Flensborgarskólans um kennslu áfanga í stærðfræði og ensku á framhaldsskólastigi.

Þegar kemur að náminu ber fyrst að nefna samstarf Flensborgarskólans við FG og Fjölbrautarskóla Suðurnesja um ýmis mál. Formlegu samstarfi um ráðgjafa í rafrænum kennslulausnum lauk á haustmánuðum 2022 enda margt áunnist í rafrænu kennslumhverfi á fyrri árum heimsfaraldri. Skólinn er einnig í samstarfi við Verzlunarskóla Íslands varðandi skiptikennslu á haustönn, í gagnlegu samtali við aðra bóknámsskóla á höfuðborgarsvæðinu og við Háskólann í Reykjavík um starfsþróun kennara.

Skólinn starfar einnig með Embætti landlæknis um verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli. Þá er náíð samstarf við Íþróttabandalag Hafnarfjarðar og aðildarfélög þess um íþróttafrekssvið skólans auk þess sem samstarf er við önnur félög á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum. Skólinn kennir nemendum núvitund og gróskuhugmyndafræði meðal nemenda á fyrsta ári og býður starfsfólki að sækja núvitundarnámskeið og hefur verið í samstarfi við Núvitundarsetrið vegna þess.

15. Lokaorð skólameistara

Horft fram á veginn



Skólastarfið árið 2024 var afar farsælt og gefandi. Skólahald var með nokkuð hefðbundnum hætti og hefur að undanfögnu verið að mótast í fast form, þ.m.t. ýmis verkefni skólans og þjónusta, sbr. starfsþróunarverkefni fyrir starfsfólk, ritver skólans og raungreinaver, bekkjarkerfi á fyrsta ári, jafningjakennsla o.fl.

Aðsókn að skólanum hélt áfram að vaxa og jókst aðsóknin um 17% haustið 2024. Þá hélt félagslíf nemenda áfram að vaxa og dafna. Nýnemaferð og nýnemadansleikur fóru t.a.m. vel fram ásamt glæsilegri árshátíð á vormánuðum og þá var stjórn nemendafélagsins drífandi í öllum sínum verkum. Samstarfið skólans við þetta unga fólk var bæði gott og gjöfult á árinu, enda sýna kannanir að nemendur eru almennt ánægðir með skólann sinn og þá þjónustu sem hann veitir. Þá fór móttaka nýnema afar vel fram, brotthvarf úr námi á fyrsta ári er áfram vel undir landsmeðaltali (2,7%) og er það vel. Þar sýna tölur okkur og viðhorfsskannanir að aukinn stuðningur bekkjarkerfis á fyrsta ári skiptir máli og er það fyrirkomulag í skólastarfi komið til að vera.

Áfram er mikilvægt að hlúa að starfsanda stofnunarinnar og styðja starfsfólk skólans til aukinnar vellíðunar og tækifæra í starfi. Þá er einnig mikilvægt að halda á lofti fjölbreytni í kennsluháttum, enda framtíðin um margt óráðin og örar breytingar á samfélaginu. Þar hafa skólastjórnendur lagt á það áherslu og hvatt til þess að vel sé fylgst með þróun tækninnar hvað varðar hið rafræna umhverfi kennslu og notkun gervigreindar í kennslu. Alveg er ljóst að þetta verður eitt af meginviðfangsefnum skólastarfsins til framtíðar auk þess að styðja vel við farsæld nemenda, en innleiðing hennar, þ.e. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021, er ávallt mikilvægt leiðarljós í skólastarfinu.

Starfsfólk og nemendur Flensborgarskólans geta horft stolt fram á veginn. Ímynd skólans er góð og sóknarfæri eru mörg í síbreytilegu samfélagi. Skólinn mun halda áfram að taka

á móti fjölbreyttum nemendahópi og veita þeim góða þjónustu og öflugt námsumhverfi. Það hlýtur að skipta mestu máli og vonandi ber Flensborgarskólanum gæfa til þess að vaxa og dafna og þannig styðja nemendur sína um ókomna tíð.

Hafnarfirði, 22. apríl 2025

Erla Sigríður Ragnarsdóttir,
Skólameistari

16. Viðaukar

16.1. Rekstrareiningar

Rekstrareiningar liggja fyrir hjá ráðuneyti og hafa verið undirritaðir.

16.3 Stefnumiðuð áætlun skólans til þriggja ára

Stefnumiðaða áætlun Flensborgarskólans bar að þessu sinni að skila inn rafrænt og verður birt á heimasíðu Stjórnarráðsins.

16.4 Sjálfsmatstafla fyrir skólaárið 2024 – 2025

Matsþáttur/ Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Kennslumat Viðhorf nemenda til kennslu og náms kannað.	Nemendur eru virkir og sýna skólastarfi áhuga Fjölbreyttir kennsluhættir Jákvæð viðhorf einkenna skólastarfið	Spurningalistinn hefur svarmöguleika á bilinu 1,00-5,00 (5 mjög sammála) þar sem styrkleikabil er 4,20-5,00, starfshæft bil 3,70-4,19 og aðgerðabil 1-3,69. Mælikvarði: Meðaltal svara um viðhorf nemanda til eigin árangurs Mælikvarði: Meðaltal svara um kennsluhætti. Mælikvarði: Meðaltal svara um viðmót og viðhorf kennara og liðan í kennslustofu. Viðmiðið er að svör mælist á styrkleikabil, 4,20-5,00.	Kennslumat Tilviljanakennd röðun - Þeir nemendur svara sem heyra þar undir	Alltaf í síðustu viku annar – nóvember 2024 og apríl 2025	Skólastjórnendur
Hlýtt á nemendur Liðan í bekk	Nýnemar spurðir um bekkjarkerfi, anda í bekk, skólastarfið og námið	Spurningalistinn hefur svarmöguleika á bilinu 1,00-5,00 (5 mjög sammála) þar sem styrkleikabil er 4,20-5,00, starfshæft bil 3,70-4,19 og aðgerðabil 1-3,69.	Allir nýnemar	Í lok anna - nóvember 2024 og apríl 2025	Skólameistari, aðstoðarskólameistari, sjálfsmatsnefnd
Hlýtt á starfsfólk - viðhorf til skólastarfsins	Samgöngukönnun Starfsandi Samtal um námsskrárvinnu	Spurningalisti, könnun Samskiptasáttmáli Unnið á fagfundum	Allt starfsfólk Allt starfsfólk Allir kennarar	Vor 2025 Haust '24 Haust '24	Skólameistari, aðstoðarskólameistari

Skýrslur deilda Nýjungar, samstarf, námsárangur og fleira	Góð samvinna og upplýsingamiðlun meðal starfsfólks Fjölbreyttir kennsluhættir Fagleg vinnubrögð allra starfsmanna	Mælikvarði: Meðaltal svara við samvinnu og upplýsingamiðlun innan deilda og milli deilda. Mælikvarði: Meðaltal svara um fjölbreytni innan deilda. Mælikvarði: Meðaltal svara um fagleg vinnubrögð innan deilda.	Í samráði við kennara, þjónustusvið og nemendapjónustu	Skilað í lok skólaárs	Skólameistari, aðstoðarskólameistari, fagstjórar, deildarstjórar á þjónustusviði
Stofnun ársins	Ánægjuvög á innra starf stofnunarinnar; starfsandi, launamál, stjórnendur, aðstaða.	Könnun gerð utanhúss og lögð fyrir allt starfsfólk.	Viðhorfsskönnun á netinu.	Haust 2024	Skólastjórnendur
Jafnlaunavottun	Jafnlaunakerfi – að það sé virkt og í samræmi við jafnlaunastefnu skólans	Innra rýni gerð innanhúss en úttekt gerð af BSI á Íslandi.	Launagreining	H2024	Skólameistari, aðstoðarskólameistari

16.5 Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2023 – 2024

Að mestu lokið		Í stöðugri vinnslu		Vinna ekki hafin		
Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðilar	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur/staða
Efla skuldbindingu nemenda í námi	Minnka brotthvarf	Áframhald með samstarf við sálfræðing skólans sem og hjúkrunarfræðing	Skólaárin 2024-2026	Skólastjórnendur	Í sjálfsmats-skýrslu 2024-2025	Skuldbinding nemenda aukist
	Bæta mætingu nemenda	Framhald á samstarfi umsjónarkennara og mætingarteymis		Nemenda-þjónustan		Úrsögnum úr áföngum fækki
	Bekkjarkerfi á fyrsta ári	Halda áfram að styrkja nemendapjónustu		Hámarkskennarar		Nemendum á skilmálum fækki
		Halda áfram að nýta möguleika Innu, kennslukerfis, til skipulagningar á námi, svo sem heimanám, fjarkennslu, námsáætlun		Kennarar		Fleiri nemendur mæti vel
						Færri nemendur hverfi úr námi

		Verið er að kanna hvort að bekkjarkerfi á fyrsta ári auki skuldbindingu nemenda í námi Halda áfram að styðja við HÁMA og umsj.kennslu á 2. ári				Fleiri nemendum líði vel í námi við Flensborgarskólann
		Styðja nemendur í vali, sbr. námstorg og töflubreytingar				
Auka gæði náms	Auka virkni nemenda í tímum	Auka sjálfstæði nemenda í námi	Skólaárin 2024-2026	Skólastjórnendur Tölvupjónusta Kennarar Starfshópur um stefnu skólans	Í sjálfsmats-skýrslu 2024-2025	Að kennsluhættir verði fjölbreyttari
		Auka ábyrgð nemenda á eigin námi, fylgja eftir stefnu skólans um heilindi í námi				Að nemendur verði virkari í kennslustundum
	Efla fjölbreytta kennsluhætti	Hvatt til faglegrar umræðu á fagfundum greina/deilda þar sem kennarar hittast þvert á deildir og deila hugmyndum og aðferðum í kennslu				Að kennarar styrkist í rafrænum kennsluháttum
	Styrkja rafræna kennsluhætti	Stutt við tæknivæðingu með því að senda hóp starfsfólks á sýningar/námskeið				Að notkun Innu verði ahlíða og samræmd í öllum kenndum áföngum hverju sinni
	Efla fjölbreytni í námsmati	Fylgja eftir stefnu skólans, sbr. verkefnaþíðað nám (viðmið um hámarksvægi lokaprófa 50%) og nýsköpun í námi/kennslu (símat,				Að námsmat sé fjölbreytt og endurspegli fjölbreytt nám

		leiðsagnarmat, matskvarðar og fl.)				
Fylgjast með námsárangri	Að námsárangur við skólann batni	Safna gögnum og greina	Skólaárið 2024-2026	Skólastjórnendur Nemenda- þjónusta Kennarar Sjálfsmatsnefnd	Í sjálfsmats-skýrslu 2024-2025	Að bæta námsárangur við skólann
	Að fylgst verði vel með kynbundnum námsárangri í skólanum	Setja upp fagfundi til að leita leiða til að bæta námsárangur við skólann				Að koma í veg fyrir kynbundinn mun í námsárangri
	Að fylgst verði með fjölda þreyttra eininga	Koma upplýsingum á framfæri til faga/fagfunda/kennarafunda				
Endurskoða námskrá	Samræma reglur um framvindu náms	Lesna skólanámskrána og rýna til gagns	Skólaárið 2024-2026	Skólastjórnendur Nemenda- þjónusta Fagstjórar	Í sjálfsmats-skýrslu 2024-2025	Að Flensborgarskólinn verði samkeppnishæfur
	Stuðla að eðlilegri framþróun náms	Endurskoðun á námskrá heldur áfram (raungreinar, viðskiptagreinar, félagsgreinar og stærðfræði)				Að Flensborgarskólinn gangi í takt við þá stefnu sína að hér sé

	Stefnumótun – horft til framtíðar	Gætt sé að góðri upplýsingagjöf um breytingar á námskrá og samtali við fagstjóra		Kennarar		fjölbreytt og sveigjanlegt skólastarf þar sem komið er til móts við nemendur
	Jafnréttis- miðað nám	Gætt sé að kynjahlutfalli í öllu starfi nemendafélagsins		Kennarar í LTP		
		Að nemendur skólans taki meira þátt í starfi NFF		NFF		Að styrkja ímynd Flensborgarskólans sem metnaðarfullan og öflugan framhaldsskóla á 21. öld
Betrumbæta aðstöðu til skólastarfs	Gera aðstöðu til náms fjölbreyttari og betri	Endurnýja húsbúnað í kennslurými kerfisbundið	Skólaárið 2024-2026	Skólastjórnendur	Í sjálfsmats- skýrslu 2024-2025	Að auka gæði kennslu og uppfæra aðbúnað
	Að styrkja bókasafnið og gera að hjarta hússins	Vinnurými fyrir nemendur á græna torgi endurbætt		Forstöðumaður bókasafns, skólastjórnendur		Að nemendum líði vel í skólanum og geti notið sem bestu aðstæðna til náms eins og kostur
	Að efla og styrkja mótuneytið í heilsueflandi framhalds- skóla	Hefja endurskipulagningu á starfsemi bókasafnsins og húsnæði þess		Forstöðumaður mótuneytis og starfsfólk þess		Að bókasafnið verði að upplýsinga- og tækniveri í hjarta hússins
		Auka gæði mótuneytis; vöruframboð fjölbreyttara og auka þjónustustigið				

						Að nemendur hafi aðgang að góðri næringu og þjónustu
Styrkja enn frekar starfsanda stofnunarinnar	Að auka ánægju starfsfólks	Jafnlaunavottun – viðhalda	Skólaárin 2024-2026	Stjórnendur	Sjálfsmats- skýrsla 2024-2025	Að starfsfólk sé ánægðara í starfi
	Að auka öryggi og vellíðan starfsfólks í starfi og draga úr álagi þar sem því er viðkomið	Styrkja þjónustusvið skólans með fræðslu. Endurnýjun á búnaði		Forstöðumaður mótuneytis		
		Ýmis verkefni tengd heilsuefningu, vellíðan í starfi og starfsanda		Verkefnastjórar HEF		
		Hópavinna starfsfólks á skólafundi um niðurstöður stofnunar ársins og unnið		Samstarfsnefndir		

		með samskiptasáttmála (samþykktur vor 2024)		Fagstjórar/sviðs- stjórar/forstöðu- menn		
		Verkferlar uppfærðir				Að samskipti séu vönduð og uppbyggileg
		Kynna vel starfsþróunarverkefni				Áfram verður unnið að starfsþróun starfsfólks
	Að starfsfólk tileinki sér umhverfis- vænan lífstíl	Átak í flokkunarmálum og hvatning til vistvæns samgöngumáta				Að samskipti stjórnenda og starfsfólks séu góð og aðgengi að stjórnendum sé gott
		Hugað að fjarkennslu (4+1 kennslumódel) og fjarvinnustefnu				Áfram verður unnið með græn skref stofnunarinnar